

Ed.

71. Nefndarálit

[6. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Við undirritaðir fulltrúar Framsóknarflokksins í heilbrigðis- og félagsmálanefnd getum ekki tekið þátt í því með meiri hluta nefndarinnar að mæla með því, að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt.

Við erum því mótfallnir, að fasteignamat undir álagningu eignarskatts verði sexfaldað. Nógu fráleitt að setja, eins og gert var á síðasta Alþingi, ákvæði í lög-
gjöf um Húsnæðismálastofnun ríkisins til breytinga á eignarskattslögunum, þótt ekki sé nú gengið á sama lagið og þau ákvæði færð í aukana.

Þá er einnig á það að líta, að sveitarfélög landsins hafa ástæðu til þess að telja, að þeim hafi fyrir stuttu verið gefið fyrirheit um að mega sitja að fasteignaskatti, en með þessari innheimtu ríkissjóðs er fyrirheitið sniðgengið.

Þessi sexföldun er eitt rangskefta útispijótið, sem ríkisstjórnin ber fyrir sig í hildarleik dýrtíðarinnar. Þetta spjót á að höggva af skafti.

Þess vegna leggjum við til, að 2. gr. frv. falli niður.

Í 6. gr. frumvarpsins er ákvæði um, að húsaleigulögin falli úr gildi.

Rétt er, að þau lög munu ekki almennt virt mikils, enda margt breytt síðan þau voru sett. Reykjavíkurborg kvað þó fara eftir þeim um hámark leigu þess húsnæðis, er hún selur á leigu.

Við teljum illa fara á því að afnema lögin og óvíst um afleiðingar þess. Hins vegar nauðsynlegt að endurskoða þau og breyta þeim.

Okkur skilst, að ákvæðið um afnám þeirra nú þegar, án ráðrúms til endurskoðunar, sé sprottið af því, að gera þurfi strax löglegt að setja með reglugerð sérstök ákvæði vegna leiguhúsnæðis, sem sveitarfélög og Öryrkjabandalag Íslands reisa fyrir lán frá húsnæðismálastjórn skv. 7. gr. laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Taka má þetta til greina.

Með tilliti til þessa leggjum við til, að ákvæði 6. gr. um afnám húsaleigulaganna falli niður, en aftur á móti komi bráðabirgðaákvæði, sem lögleyfi reglugerðarákvæði um húsaleigu skv. 7. gr. Húsnæðismálastofnunarlaganna, — og geri ráð fyrir endurskoðun húsaleigulaganna.

Breytingartillögur okkar flytjum við á sérstöku þingskjali og verður nánari grein fyrir tillögunum gerð í framsögu.

Alþingi, 9. nóv. 1965.

Karl Kristjánsson,
frsm.

Ásgeir Bjarnason.